

Læsishópur Flúðaskóla

Vorskýrsla 2018-2019

Hópurinn skipa: Guðbjörg Viðarsdóttir, Halla Sigríður Bjarnadóttir, Halla Gunnarsdóttir og Kolbrún Haraldsdóttir (Halla Sigríður fór í veikindaleyfi eftir áramót).

- ✓ Hópurinn kom sér saman um vikulegan fundartíma á miðvikudögum kl. 8:00-8:30. Ef hentar má færa hann til kl.15 í samráði við alla.
- ✓ Hópurinn hefur svæði inn á Share point, þar er sameiginleg vinna sett inn og utanumhald s.s. fundargerðir.
- ✓ Fyrsti fundur var haldinn 6. september þar sem rætt um helstu verkefni hópsins í vetur, það var m.a.:
 1. útbúa samning þar sem foreldri og nemandi gera með sér samkomulag í samráði við kennara hvað varðar markmið í læsi. Ráðgert að samningurinn verði tilbúinn fyrir foreldraviðtöl sem munu fara fram í október.
 2. Endurskoðun læsisstefnu í samvinnu við leikskólann en læsisstefnan er sameiginlegt plagg leik- og grunnskóla.
 3. Hugmynd um að fara af stað með verkefni sem heitir Orðaprenna, helst í samstarfi við leikskólann. Verkefnið hefur það að markmiði að auðga orðaforða allra nemenda í skólunum samtímis. Þrjú orð eru tekin fyrir vikulega í fjórar vikur í senn og eru allir kennarar og starfsmenn skólans hvattir til að taka þátt. Í fimmtu hverri viku er upprifjun á orðum síðustu fjögurra vikna. Orðin sem valin eru eiga það sameiginlegt að heyrast ekki oft í daglegu tali en eru algeng í lesmáli. Þau eru á öðru þrepi (Tier 2) í lagskiptingu orðaforða.
- ✓ Hópurinn fundaði vikulega, rætt var um hvernig best væri að setja upp lestrarsamning varðandi læsismarkmiðin. Hugmyndum var kastað á milli þar til niðurstaða fékkst í þá vinnu og var samningurinn notaður í öllum árgöngum í foreldraviðtölum í október. Þar settu nemendur sér markmið í lesfimi út frá niðurstöðum Lesferilsprófa í september. Samningarnir voru svo endurskoðaðir í janúar viðtölum og ný markmið sett fyrir vorið. Mæltust samningarnir vel fyrir og langflestir nemendur og foreldrar tóku þátt.
- ✓ Orðaprennuverkefnið fór af stað í byrjun nóvember eftir að það hafði verið kynnt fyrir kennurum og kynningarpóstur sendur til foreldra. Notuð voru verkefni frá Hraunvallaskóla í Hafnarfirði. Á mánudagsmorgnum sáu hópmeðlimir um að ljósrita og dreifa orðaprennu vikunnar á kennara/hengja upp í skólanum/sendu foreldrum póst með orðaprennunni. Þrjú 5 vikna tímabil voru unnin í vetur, samtals 36 orð. Áætlað er að halda áfram með þetta verkefni á haustdögum og t.d. rætt um að hafa smásagnasamkeppni og búa til verkefni tengd orðunum úr Orðaprennunni (leika orðin/actionary) og taka videó, nota orðin í Fimbulfambi/Heilaspuna.

Rætt um að fara í orðtök og málshætti næsta vetur, vinna með það þvert á skólann. Auka vægi ljóða.
- ✓ Í nóvember var hafist handa við endurskoðun á læsisstefnunni, farið var yfir hana og henni breytt í takt við þær breytingar sem orðið hafa frá því hún var fyrst gefin út. Kennarar voru fengnir að endurskoðuninni auk þess sem leikskólinn fór yfir og endurskoðaði sinn hluta stefnunnar.
- ✓ Farið var á stofugang í desember, verkefni skoðuð og málin rædd.
- ✓ Umræður voru í hópnum um að samræma þurfi skriftarkennslu og auka vægi ritunar. Kenna rétt grip um skriffæri og leiðbeiningar um rétt grip til foreldra.

þarf vitundarvakningu meðal kennara að leiðbeina með rétt grip.